



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps

Fundur nr.160 Málsnr 1801006 var haldinn í Zoom fjarfundabúnaði **þriðjudaginn 10.nóvember 2020 klukkan 16:00.**

Mætt eru: Jón Hrafn Karlsson (JHK)formaður, Bjarki Guðnason (BG), Rúnar Þorri Guðnason (RÞG), Kristbjörg Hilmarsdóttir (KH) og Bergur Kr Guðnason (BKG). Jafnframt sátu fundinn Ólafur Elvar Júlíusson skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð, Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri og Margrét Ólafsdóttir frá Landmótun.

1. 1710004 – Hverfisfljót - Lýsing v breytinga á Ask og Dsk fyrir Hnútuvirgjun

Ragnar Jónsson kt. 150248-4509 leggur fram til umfjöllunar skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi og deiliskipulagi virkjunaráforma í Hverfisfljóti við Hnútu í Skaftárhreppi skv. meðf. gögnum.

„Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila að skipulags- og matslýsingin verði kynnt opinberlega skv. skipulagslögum nr.123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Skipulags- og matslýsingin verði tekin til meðferðar í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

Bókunin borin upp til atkvæða:

*Samþykkt af fulltrúum D-lista JHK, BG og RÞG
Hafnað að fulltrúum Z-lista KH og BKG*

2. 1908007 - Hrífunes – Breyting á Ask og greinargerð til umfjöllunar

Lögð er fram breyting á aðalskipulagi fyrir Hrífunes. Svæði V2 er stækkað um 34 ha vegna hótélbyggingar áforma. Stærð V2 verður samtals 80 ha eftir breytinguna.

„Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að breytingartillagan verði samþykkt og að hún verði kynnt skv. 30. og 31gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

3. 2010007 - Klausturvegur 4 – dsk gerð skólalóðar

Lögð fram fyrstu drög að deiliskipulagi fyrir skólalóð þar sem tekið er tillit til aðkomuvega og göngustíga ásamt nauðsynlegum nýbyggingar möguleikum skólahúsnaðissins, Erró-seturs m.m.

Skipulagsnefnd ræddi hugmyndir og Landmótun falið að koma með frekari útfærslur í anda umræðu fundarins. Skipulagsnefnd leggur á það áherslu að svæðið allt neðan Klausturvegur frá Fossá og austur úr verði skoðað í heild sinni. “

4. 1908016 - Flaga 2 – Athugasemdir Skipulagsstofnunar vegna afgreiðslu dsk.

Lögð fram athugasemd Skipulagsstofnunar vegna afgreiðslu á dsk fyrir Flögu 2, L176602. Málið varðar athugasemd sem barst á auglýsingatíma dsk tillögunnar, sjá meðf. gögn.

„Skipulagsnefnd óskar eftir frekari gögnum frá umsækjanda deiliskipulags. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að fylgja málinu eftir.“

5. 2011003 - Skaftárdalur - óskað eftir framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt.

Þorfinnur Snorrason fh. Skaftárdals ehf. kt. 580382-0299 sækir um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi Skaftárdals skv. meðf. gögnum.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki allra landeigenda í Skaftárdal.“

6. 2011002 - Orustustaðir – ósk um stofnun lóða úr landnúmeri L163421

Hreiðar Hermannsson kt. 020648-4069 óskar eftir að stofna lóðir út úr Orustustöðum L163421 skv. meðf. gögnum

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið.“

7. 2011005 - Seglbúðir – ósk um stofnun lóðar úr landnúmeri L163433

Jón Árni Þórisson kt. 011050-3879 óskar eftir að stofna lóð út úr landi Seglbúða L163433 skv. meðf. gögnum

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið.“

8. 2010003 - Kindargata 7 – dsk breyting, nýr byggingarreitur á lóð L163368

Pétur Davíðsson kt. 190344-3209 leggur inn dsk uppdrátt sem sýnir nýja legu byggingarreits innan lóðarinnar Kindagata 7, Efri-Vík skv. meðf. teikningu Á 159.fundi nefndarinnar var eftirfarandi bókað varðandi þetta mál: „Skipulagsnefnd óskar eftir að lagður verði inn dsk uppdráttur sem sýni færslu byggingarreits og málið síðan grenndarkynnt hjá aðliggjandi lóðarhöfum.“

„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.“

9. 1603012 - Gestastofa við Sönghól – Framkvæmdal. / Graftrarl. v. nýbyggingar

Kristján Rafn Harðarson fh. Framkvæmdasýslu ríkisins kt. 510391-2259 óskar eftir framkvæmdaleyfi / graftrarleyfi fyrir jarvegsskiptum v nýbyggingar gestastofu Vatnajökulþjóðgarðs skv. meðf. gögnum.

„Skipulagsnefnd samþykkir framkvæmdaleyfið með fyrirvara um að fyrir liggi leyfi vegna efnistöku.“

10. 1901004 – Læknisreitur – götuheiti og lóðarnúmer

„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa og formanni skipulagsnefndar að ljúka málinu í samræmi við umræðu fundarins.“

11. 1901004 – Læknisreitur DSK – breyta einbýlishúsalóðum í tvíbýli/fjórbyli

„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa og formanni skipulagsnefndar að leggja fram tillögu í málinu á næsta fundi nefndarinnar.“

12. 1904001 - Fundargerð 9.fundur endursk. aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032

Lögð fram til kynningar.

13. Mál til kynningar

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála – Orustustaðir.

Vegagerðin – Deiliskipulag Eldhrauns og Þjónustumiðstöðvar.

Preststún, Kirkjubæjarklaustri – Framkvæmdarannsókn árið 2020

Vindorkugarður á Grímsstöðum í Meðallandi

14. Önnur mál

Ekkert undir þessum lið

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19.02